

**Sp.**

## **661. Tillaga til þingsályktunar**

um útvegum á efni til virkjunar Andakilsár í Borgarfjarðarsýslu.

Flm.: Pétur Ottesen, Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, með fjárframlagi úr ríkissjóði eða lántöku og ábyrgð fyrir hönd ríkissjóðs, að hafin verði smíði á vélum og nauðsynlegu efni í fyrirhugaða virkjun Andakilsár, sem fyrir liggja tilboð um, strax og fengin hefur verið yfirlýsing um það, að veitt verði í Bandaríkjunum útflutningsleyfi á efni þessu og vélum.

### **Greinargerð.**

Eins og greinargerð frumvarps þess um virkjun Andakilsár, sem fyrir Alþingi liggur og eigi hefur hlotið afgreiðslu, ber með sér, hefur fyrir allöngu verið að fullu gengið frá öllum undirbúningi byrjunarvirkjunar á þessum stað, að því er lýtur að undirbúningi áætlaða og öflun tilboða í smíði á vélum og efni í linur og afspennistöðvar. Eftir er þá aðeins að fá útflutningsleyfi á þessu frá Bandaríkjunum. Thor Thors sendiherra er nú að vinna að því, fyrir félag það, sem að virkjuninni stendur, að fá þetta leyfi. Í símskeyti, sem nýlega hefur borið frá honum til flutningsmanna fyrirnefnds frumvarps, sem er svar við fyrirspurn okkar til hans um þetta efni, er svo að orði komið, að allar líkur séu til, að vélar og efni geti fengið afgreitt á næsta ári. Má því búast við, að yfirlýsing um útflutningsleyfi komi á hverri stundu úr þessu, því að verksmiðjur þær, sem gert hafa tilboð í smíði vélanna, áskilja sér tólf til fjórtán mánaða frest frá því samningar um smíðið eru undirskrifaðir og þangað til vélararnar eru tilbúnar til þess að afhenda þær í skip til flutnings.

Samkvæmt framansögðu getur það borið mjög bráðan að, að ganga þurfi frá samningum hér að lútandi, greiða þann hluta andvirðisins, sem áskilinn er við samningsgerð, en það er  $\frac{1}{4}$  hluti kaupverðsins, og setja tryggingar fyrir eftirstöðvunum. Af þessari ástæðu er ríkisstjórninni heimilað með þingsályktunartillögu þessari að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að smíði vélanna geti hafizt strax og útflutningsleyfið er fengið og annað, sem með þarf í því sambandi.

Í ráði er, að fram komi á næsta Alþingi tillögur um heildarskipun raforkuvirkjana og hagnýtingu rafmagns í landinu, en ráðstafanir þær, sem hér um ræðir, þurfa engan veginn að brjóta í bág við það, sem þá verður ofan á um tilhögun og framkvæmd þessara mála í heild. En hins vegar mundi dráttur á aðgerðum í því máli, sem hér um ræðir, verða þess valdandi, að að engu gagni kæmi sá mikli og góði undirbúningur þess, en eins og málið liggur fyrir nú með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu, ætti þessi virkjun að geta komið í framkvæmd mjög fljótlega.